

Mánudaginn 9. marz 1931.

Nr. 34/1930. **Valdstjórnin** (Sveinbjörn Jónsson)

gegen

Aðalsteini Pálssyni (Guðm. Ólafsson).

Úrskurður.

Úrskurður hæstaréttar.

Við töku botnvörpuskipsins Belgaum 17. marz f. á. í tilefni af landhelgisbroti því, er kærði er sak-sóttur fyrir í máli þessu, gerðu skipstjórinn á varð-skipinu Ægir og tveir stýrimenn hans þrjár staðar-ákvarðanir á varðskipinu, kl. 12,23 (staður I.), kl. 12,29 (staður II.) og kl. 12,32 (staður III.). Í máli þessu hefir verið lagt fram sjóbréf, er skipstjórinn á varðskipinu hefir sett á þessa þrjá staði, alla mjög nærri landhelgislinunni, hinn fyrsta lítið eitt fyrir innan hana, stað II sem næst í landhelgis-línunni, en stað III. lítið eitt fyrir utan. Að tilhlut-un dómsmálaráðuneytisins hefir yfirforingi eftir-litsskipsins Fylla sumpart endurskoðað. útsetn-ingu skipstjórans á Ægi á stöðum þessum á rétt-arskjali Q, sjóbréfi því, er áður getur og sum-part markað þá sjálfur á annað sjóbréf, og er niðurstaða hans sú, að staðir þessir séu allir mjög nærri landhelgislinunni. Ennfremur hafa verið lögð fram í málinu hér í rétti, sjóbréf og landabréf, er forstöðumaður stýrimannaskólans hefir markað staði þessa á. Fyrstu staðarákvörð-unina telur hann svo óglögga, að vafi geti leikið á um miðin og hefir hann því sett stað I. O, 46 sm. ut-an landhelgislinu eða 0,12 sm. innan eftir mismun-andi miðum. Stað II hefir hann sett 0,08 sm. utan landhélgislinu og stað III. 1,08 sm. utan línunnar.

Staðsetningar þessar hefir hann staðfest fyrir rétti. Eftir að skipstjóri varðskipsins hafði upplýst það, að Dritvíkurtangi í staðarákvörðunum væri mið í Dritvíkurberg fremst, en eigi í tangaoddann, endurskoðaði skólastjórinn staðsetningu sína á stað III. samkvæmt þessari upplýsingu, og setti þá stað þenna 0,86 utan landhelgislínu. Loks hefir sjóliðsforingi C. A. Broberg látið uppi álit um mælingar þessar og staðfest það álit sitt fyrir rétti. Kveðst hann hafa sett stað III. út á sjóbréf og er að sjá, að hann hafi komizt að líkri niðurstöðu og stýrimanna-skólastjórinn.

Af gögnum málsins verður því ekki ráðið með nægilegri vissu, hvar tókustaður botnvörpungsins hafi verið, einkum sakir þess hve mjög hina sérfróðu menn greinir á um stað III., en rétturinn hefir eigi tók á að skera úr þeim ágreiningi. Það er því nauðsynlegt, að aflað sé enn frekari upplýsinga áður en dómur gengur um málið. Verður því að leggja fyrir rannsóknardómarann að afla álits þriggja dómkvaddra, óvilhallra og sérfróðra manna um stað varðskipsins kl. 12,23, kl. 12,29 og kl. 12,32 hinn 17. marz f. á. og þó einkum stað III. samkvæmt miðunum þeim og mælingum, er þá voru gerðar á varðskipinu. Svo ber rannsóknardómaranum og að afla þeirra frekari upplýsinga, er framhaldsrannsókn þessi kann að gefa tilefni til.

Þ v í ú r s k u r ð a s t :

Framangreindar upplýsingar ber að útvega svo fljótt sem unnt er.
